

sem réttvísinn og valdstjórnin hefur höfðað gegn Steingrími Péturssyni, öðrum stefnda í þessu máli.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Steingrímur Pétursson og Höskuldur Guðmundsson, til heimilis á Akureyri, greiði in solidum stefnandanum, Guðlaugi Kristjánssyni f. h. Margrétar Guðlaugsdóttur, Akureyri, kr. 16416.56, ásamt 5% ársvöxtum frá 27. desember 1939 til greiðsludags.

Í málskostnað greiði stefndu in solidum stefnandanum kr. 1000.00 og í ríkissjóð kr. 130.75.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. júní 1941.

Nr. 1/1941. **Axel Schiöth** (Eggert Claessen)

gegn

Sigurbirni Guðmundssyni (Pétur Magnússon).

Lausafjárkaup. Rifting vegna galla.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Guðbrandur sýslumaður Ísberg.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1941 og að fengnu áfrýjunarleyfi 12. des. f. á., hefur krafizt þess, að honum verði dæmt heimilt að rifta kaup á hesti þeim, sem stefndi seldi honum 27. maí 1939, og að stefnda verði dæmt að endurgreiða honum kaupverð hestsins kr. 320.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. júlí 1939 til greiðsludags, svo og að greiða honum þær kr. 25.00, sem hann hefur orðið að borga fyrir viðgerðir á girðingum, sem hesturinn spillti 30. maí 1939, og 1 krónu á dag á tímabilinu 29. maí til 20. júlí 1939, eða kr. 52.00, fyrir beit handa hestinum og fyrirhöfn við hann, og kr. 1.50 á dag fyrir hirðingu og fóður hestsins frá síðarnefndum degi til þess dags, þegar stefndi tekur við honum aftur.

Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það hefur komið upp í máli þessu, að hesturinn reyndist óviðráðanlegur af styggð og tryllingi. Vönun á honum hafði mistekizt, og stóðust því ekki þau ummæli stefnda við kaupin, að geldingin myndi reynast fullnægjandi. Af þessum sökum er áfrýjanda rétt að rifta kaupin og fá endurgreitt kaupverðið ásamt vöxtum eins og krafizt er. Ennfremur ber stefnda að greiða þær kr. 25.00, sem áfrýjandi krefst vegna spjalla af völdum hestsins. Eftir að stefndi hafði synjað viðtöku hestsins í bréfi 12. júlí 1939, gat áfrýjandi ráðstafað hestinum á ábyrgð stefnda að fram farinni tilkynningu um það. Samkvæmt þessu þykir hæfilegt að gera stefnda að greiða áfrýjanda kr. 75.00 fyrir vörzlu hestsins um það tímabil, er áfrýjandi þurfti að hafa hann í gæzlu.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjanda, Axel Schiöth, er heimil riftun á kaupum hests þess, er stefndi, Sigurbjörn Guðmundsson, seldi honum þann 27. maí 1939, og ber stefnda að endurgreiða honum kaupverðið, kr. 320.00, með 60% ársvöxtum frá 22. júlí 1939 til greiðsludags og ennfremur kr. 100.00.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Húnavatnssýslu 5. júní 1940.

Mál þetta, sem að undangenginni árangurslausri sáttatilaun var þingfest 30. september 1939 og tekið upp til dóms 22. maí þ. á., er höfðað af Axel Schiöth, bakarameistara á Akureyri, gegn Sigur-

birni Guðmundssyni Þverá (Syðri-Þverá) í Þverárhreppi. Eru málsatvik þau, er hér greinir:

Þann 27. maí 1939 keypti Axel Schiöth rauðan hest, 7 vetra gamlan, af Sigurbirni Guðmundssyni, er þá var staddur að Kaupangi í Eyjafirði. Kveðst stefnandi, Axel Schiöth, hafa spurt um það sérstaklega, hvort hesturinn væri styggur, en stefndur (Sigurbjörn Guðmundsson) neitaði því, en getið þess þó jafnframt, að hesturinn væri hræddur um hausinn á sér og hefði það til að bjóða rassinn, en stæði kyrr, ef gæfur hestur væri með. Að kveldi sama dags var hesturinn fluttur heim til stefnanda og látinn laus inn á afgirt tún. Eftir að hesturinn hafði verið þar einn í 2 daga, var á 3. degi reynt að handsama hann af 2 fullorðnum mönnum, Helga Schiöth og Sigurði Eiríkssyni, en þeir náðu eigi hestinum, fyrr en inni í húsi, eftir að hesturinn hafði brotízt í gegnum hlið, sem hann var króaður við. Var hestinum svo sleppt lausum aftur í afgirt hólf. En síðar sama dag reyndu sömu 2 menn aftur að ná hestinum og höfðu þá með sér stilltan hest. Náðist rauði hesturinn þá eigi að heldur og stökk nú á girðinguna og fór yfir hana, og úr því á hverja girðinguna af annari, og reyndist trylltur og nær óviðráðanlegur. Hafði þá og komið í ljós við athugun, að hesturinn var graður, og telur stefnandi, að trylling hestsins og styggð muni stafa af því að miklu leyti. Heldur stefnandi því fram, að stefndur hafi leynt hann stórkostlegum göllum á hestinum, þ. e. styggð hans, svo og því, að hann væri graður. Skoraði hann á stefnda að taka hestinn aftur og skila andvirði hans og greiða auk þess áfallinn kostnað við gæzlu hestsins og skemmdir af hans völdum, og þegar stefndur neitaði að verða við þeirri áskorun, höfðaði kaupandi mál gegn honum, og eru dómkröfur stefnanda þessar:

1. Að kaupin á rauða hestinum gangi til baka, og að hann fái endurgreiddar þær kr. 320.00, sem hann greiddi fyrir hestinn, ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags.

2. Skaðabætur vegna spjalla á girðingum af völdum hestsins skv. frásögn í sáttakæru, kr. 25.00.

3. Greiðslu fyrir fyrirhöfn við hestinn og beit 1 kr. á dag frá 29. maí til 20. júlí 1939 og frá þeim degi til þess dags, er hesturinn verður tekinn, kr. 1.50 á dag fyrir hirðingu og fóður.

4. Málskostnað að skaðlausu, þ. á. m. ferðakostnað allan samkv. reikningi.

Stefndur krefst hins vegar fullkominnar sýknu í málinu af öllum kröfum stefnanda, og auk þess málskostnaðar að skaðlausu samkv. reikningi.

Aðalkröfu sína í málinu, riftunarkröfu, byggir stefnandi á því, að stefndur hafi leynt göllum á hestinum, sem sé því, að hesturinn væri graður og að hann væri styggur. Hinn fyrrnefndi galli er sýnilegur við skoðun. Kaupandi er sjálfur til staðar, þegar

kaupin fara fram, og hefur með sér mann, vitnið Sigfús Axfjörð, sem er talinn vera og telur sjálfan sig vera vanan hestakaupmann. Þessi maður handleikur hestinn og skoðar hann fyrir kaupanda (stefnanda). Hann skoðar upp í hann og hann skoðar undir hann og telur fyrst, að hann sé ógeltur. Og er honum er sagt, að hesturinn hafi verið vanaður með aðferð, er hefði það í för með sér, að eistun visnuðu smám saman, þá ber hann sem vitni, að hann hafi sagt við stefnanda, að hann mætti búast við að þurfa að vana hestinn, og er þessum framburði eigi mótmælt af stefnanda. Vitnin Þorleifur Þorleifsson og Árni Guðjónsson bera báðir, að Sigfús Axfjörð hafi skoðað undir hestinn, og hið fyrrnefnda vitni, að Sigfús hafi sagt, „að hesturinn mundi vera ógeltur eða ekki almennilega geltur“. Vottorð dýralæknis, er frammi liggja í málinu, virðast sanna, að gelding hafi verið framkvæmd, en mistekizt að mestu leyti. Vitnið Sigurbjartur Þorláksson og auk hans vitnin Guðmundur Árnason og Jóhannes Guðmundsson, faðir og bróðir stefnda, bera öll, að þeir hafi verið viðstaddir, er hesturinn var geltur með klíptöngum, „síðastliðinn vetur“, þ. e. veturinn 1938—1939. Í sambandi við þessa vitnaleiðslu er það ekki véfengt af hendi stefnanda, að hesturinn hafi verið geltur með klíptöngum, svo sem stefndur hefur haldið fram. Það verður því að teljast sannað, að stefndur hafi sagt rétt til um það, að hesturinn hafi verið geltur með klíptöngum, þó að það virðist hafa mistekizt að allverulegu leyti, en hins vegar talið sérkennilegt um þessa geldingaraðferð, að það komi fyrst í ljós, er alllangt er fráliðið, hvort mistök hafi átt sér stað. Með vitnisburði vitnanna Sigfúsar Axfjörð og Þorleifs Þorleifssonar, sem ekki er mótmælt af stefnanda, verður og að telja það sannað, að stefnandi hafi fengið fulla vitneskju um ástand hestsins, að því er ófullnægjandi vönun snertir, er kaupin fóru fram, en af því leiðir aftur, að stefnandi getur eigi gert þá ástæðu gildandi sem riftunarástæðu eftir að kaupin eru gerð.

Viðvíkjandi styggð hestsins og óþægð, sem er hin önnur riftunarástæða stefnanda, koma fyrirbyggjandi framburðir vitna mjög til álita. Vitnin Sigfús Axfjörð og Þorleifur Þorleifsson herma báðir eftir stefnda, að hann hafi talið hestinn óstyggann, en þó dálítið varan um sig að framan, og Þorleifur hefur það enn fremur eftir stefnda, að hesturinn hafi til að bjóða rassinn, en sé þó eigi slægur. Kemur þetta mjög heim við það, sem tilfært er úr sátta-kæru af hendi stefnanda hér að framan. Þar er og auk þess haft eftir stefnda, að hesturinn stæði kyrr, ef gæfur hestur væri með. Vitnið Árni Guðjónsson og stefndur sjálfur telja, að orð stefnda um þetta atriði hafi fallið þann veg, að vandræðalaust væri að ná hestinum með gæfum hestum. Framburður vitnanna Þórðar Jónssonar, Agnars Guðmundssonar og Sigurbjörns G. Björnssonar hniga allir í þá átt, að stefndur hafi lýst hestinum rétt, eins og

hann var, áður en hann seldi hann. Í óstaðfestu vottorði Ingvars Guðjónssonar segir, að daginn áður en sala hestsins til stefnanda fór fram, hafi hann skoðað hestinn niður á Kaupangsbökkum og gengið að honum lausum í haganum. Hefur því atriði vottorðsins ekki sérstaklega verið mótmælt. Að kveldi þess dags, er kaupin gerðust, var hesturinn teymdur af manni á hjólhesti til Akureyrar, og virðist svo sem ferðin hafi gengið vel, að öðru en því, að hesturinn sýndi á sér talsverða hræðslu, er hann mætti bílum. Þetta sama kvöld upplýsir umboðsmaður stefnanda, að Sigurður Eiríksson hafi gengið að hestinum — væntanlega lausum og liðugum — og hesturinn eigi brugðið sér við (sbr. þskj. nr. 17). Ekkert af því, sem hér hefur verið talið, styrkir þá fullyrðingu stefnanda, að stefndi hafi blekkst hann, að því er hér um rætt atriði snertir, heldur þvert á móti veikir hana. Hér við má svo bæta því, sem alkunnugt verður að telja, a. m. k. í sveitum landsins, að hugtakið „styggur“ í sambandi við hesta þýðir ekki ætíð hið sama. Er slíkt alþekkt fyrirbrigði um fleiri orð. Mismunurinn kemur fram milli einstaklinga og milli héraða. Sumir telja þá hesta eina „óstygga“, er svo að segja hvert barn getur náð og beizlað í haga. Aðrir, og þá einkum þeir, er í hrossahéruðum búa — og Húnavatnssýsla er í fremstu röð þeirra — telja þá hesta eina stygga, er fullorðnir menn geta eigi náð í haga hjá tömdum hestum. Ætla verður þeim mönnum, er við kaup á hestum fást, að þekkja skil á þessum mun, og ganga úr skugga um, við hvað er átt.

Eftir er þá að athuga, hvort styggð sú og óþægð, er hesturinn sýndi, eftir að stefnandi eignaðist hann, sé sönnun þess, að stefndur hafi sagt rangt til um hestinn, m. ö. o. blekkst kaupanda. Hesturinn er ungur. Kaupanda virðist hljóta að hafa verið ljóst, að hann kaupir hann svo að segja úr stóði, nokkuð taminn, en lítið brúkaðan. Hesturinn er alinn upp í einu mesta hrossahéraði landsins, þar sem hrossin ganga gjarna í stórhópum í miklu frjálsræði og verða að bjarga sér að mestu sjálf sumar og vetur. Auk þess er hesturinn óvanaður stóðhestur, þar til fáum mánuðum áður en hann er seldur. Þrátt fyrir vitund um þetta, lætur stefnandi setja hestinn einan og allslausan inn á afgirt tún, þar sem ganga má út frá sem gefnu, að sækja á hann óyndi og heimþrá. Það er fyrst í 3. sinn, sem honum er sleppt lausum einum í túngirðingu, að þeim, sem með hann fara, hugkvæmist að setja band um hálsinn á honum til að auðvelda handsömun hans. Í fyrsta skipti, sem reynt er að ná honum, stekkur hann ekki á girðingu, en brýtur að lokum hlið. Næsta sinn stekkur hann á girðingu og úr því yfir hverja girðinguna af annarri og brýtur girðingarstaura. En þetta getur hann ekki gert, án þess að rífa sig meira og minna, og er þá ekki að undra, þó hesturinn tryllist æ meir, því meir sem hann er eltur. Það er alkunna, að fullorðnir, alvanir akhestar geta fælt svo og tryllt

af litlu tilefni, að þeir séu aldrei öruggir, og stundum jafnvel óhæfir til dráttar upp frá því. Um unga, lítt reynda hesta gildir þetta í enn ríkari mæli. Með tilliti til alls þessa verður eigi á það fallið, að óþægð sú, er hesturinn sýndi, eftir að hann kom í vörzlu stefnanda, sé sönnun þess, að stefndur hafi sagt rangt til um stillingu hestsins, og þann veg blekkst stefnanda. Þvert á móti virðist vel mega gera ráð fyrir, að allt hefði gengið vel með hestinn, ef hann hefði fengið aðbúð við sitt hæfi, miðað við uppeldi hestsins, aldur og tamningu.

Samkvæmt því, sem að framan er greint, verður að líta svo á, að krafa stefnanda um riftun kaupsins á hinum rauða hesti þann veg, að stefndur verði dæmdur til að taka við honum aftur og skila kaupverði hans, sé ekki á rökum reist, og ber því eigi að taka hana til greina. Af þessu leiðir svo aftur, að hinar aðrar kröfur stefnanda koma eigi til álita.

Hins vegar verður að taka til greina kröfu stefnds um algjörða sýknun. Jafnframt verður eigi komið hjá að taka einnig til greina kröfu stefnda um málskostnað. Ber því að dæma stefnanda til að greiða stefnda kostnað hans af málinu, sem með hliðsjón af framlögðum reikningi ákveðst kr. 250.00 — tvö hundruð og fimmtíu krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur í máli þessu, Sigurbjörn Guðmundsson, Syðri Þverá í Þverárhreppi, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Axels Schiöth, bakarameistara á Akureyri.

Stefnandi greiði stefndum 250.00 — tvö hundruð og fimmtíu krónur — í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 15 sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. júní 1941.

Nr. 29/1941. **Kaupfélagið Björk** (Theódór B. Lindal)
gegn

Árna Jónssyni (Pétur Magnússon).

Bótakrafa vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.